

Þriðjudaginn 28. október 1997.

Nr. 431/1997.

Bjarni Sigurðsson

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Trausta Grétari Guðmundssyni

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Kæruheimild. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. september 1997, þar sem breytt var ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 16. maí 1997 um úthlutun á söluverði íbúðar á 2. hæð í austurenda fjöl-eignarhússins að Laugarnesvegi 52 í Reykjavík á þann veg, að varnaraðila skyldi úthlutað 179.243 krónum vegna lögveðskröfu auk dráttarvaxta af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 28. maí 1996 til 19. mars 1997. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þann veg, að felld verði úr gildi áðurgreind ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um, að krafa varnaraðila fái notið lögveðsréttar við úthlutun söluverðs umræddrar fasteignar. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í úrskurði héraðsdóms var krafa varnaraðila um úthlutun af söluverði nefndrar íbúðar tekin til greina að hluta með því að viðurkenna lögveðsrétt hans fyrir 179.243 krónum auk dráttarvaxta. Er því ekki fullnægt skilyrði um áfrýjunarfjárhæð í 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með áorðnum breytingum, en því verður beitt um kæru þessa samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

2977

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Bjarni Sigurðsson, greiði varnaraðila, Trausta Grétari Guðmundssyni, 20.000 krónur í kærumálsgjöld.
